

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2001 frá 23. febrúar 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/24/EB frá 28. apríl 2000 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE), 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0024:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/24/EB frá 28. apríl 2000 (Stjtið. EB L 107, 4.5.2000, bls. 28).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 117, 26.4.2001, bls. 7 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 5, 26.4.2001, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 107, 4.5.2000, bls. 28.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/24/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.